

## Fyrirspurn

til fjármála- og efnahagsráðherra um mat Framkvæmdasýslunnar - Ríkiseigna (FSRE) á húsnæðisþörf stofnana ríkisins.

Frá Ágústi Bjarna Garðarssyni.

- Getur ráðherra upplýst nánar um kröfur FSRE sem lögstjóðandi uppfyllti ekki, sbr. svar ráðherra við 3. tölul. fyrirspurnar á þskj. 1651 á 153. löggjafarþingi? Hverjar voru kröfur húslýsingar? Svar óskast sundurliðað eftir hverju verkefni fyrir sig.
- Hver var upphæð tilboðs lögstjóðanda og þess tilboðs sem var tekið? Svar óskast sundurliðað eftir hverju verkefni fyrir sig.

### Skriflegt svar óskast.

#### Greinargerð.

Í svari við 3. tölul. fyrirspurnar á þskj. 1651 á 153. löggjafarþingi (179. mál) kom fram yfirlit yfir þau verkefni þar sem ekki var samið við lögstjóðanda. Ástæður þess voru sagðar vera að lögstjóðandi hafi í flestum tilfellum ekki staðist kröfur húslýsingar.